

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. september 2016
R2016060012/12.8.4

420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um breytingartillögur við frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. í kjölfar tillagna starfshóps vegna skattundanskota og skattaskjóla- 787. mál, þskj. 1346.

Ríkisskattstjóri hefur þann 22. ágúst 2016 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Með breytingartillögum eru lagðar til umtalsverðar breytingar á frumvarpi því er lagt var fram í byrjun sumars. Ríkisskattstjóri fagnar framkomnum breytingartillögum og er þar að finna mörg atriði sem bent hafa verið á af hálfu ríkisskattstjóra, bæði í bréfum til efnahags- og viðskiptanefndar sem og til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Ríkisskattstjóri telur mikilvægt að fyrrgreindar breytingartillögur við frumvarpið verði samþykktar sem og frumvarpið sjálft svo tryggja megi að settum markmiðum verði náð. Að þessu sögðu telur ríkisskattstjóri þó að það vanti í frumvarpið mikilvægar tillögur embættisins um breytingar á upplýsingagjöf til skattfirvalda þar sem gert sé ráð fyrir að felld verði niður þau ákvæði um upplýsingagjöf sem upphaflegt frumvarp gerir ráð fyrir.

Ríkisskattstjóri vill því benda á nauðsyn á þýðingarmiklum tillögum um breytingu á 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem varða sjálfvirka upplýsingagjöf. Mikilvægt er að upplýsingaskylda þessi sé sem víðtækust, þannig að áritun upplýsinga á skattframtöl við undirbúning framtalsskila og eftirlit verði sem mest tæmandi. Sama á við um miðlun upplýsinga ríkisskattstjóra samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Þannig er eðlilegt að tekinn verði af allur vafi um að rafeyrissfyrirtæki sem veita sérhæfðar kortalausnir verði sett undir sama hatt og önnur fjármálaþjónusta við viðskiptavinum hvað varðar upplýsingagjöf um inneignir og stöðu á greiðslukortum um áramót. Sama sjónarmið á við um smálánafyrirtæki. Ríkisskattstjóri vekur í þessu sambandi athygli á þeim kröfum sem settar hafa verið fram af hálfu OECD um upplýsingagjöf, hvað varðar CRS staðal sbr. reglugerð 1240/2015.

Ríkisskattstjóri leyfir sér einnig að benda á að ekki er að finna heimild eða virk úrræði til að knýja fram skil á gögnum þegar launagreiðendur, fjármálafyrirtæki og aðrir skirrast við að senda lögboðnar upplýsingar samkv. 92. gr. laga nr. 90/2003 með áorðnum breytingum. Heimildir í lögum um að vísa slíkum málum til refsimeðferðar hjá öðrum stjórnvöldum hafa sýnt sig að vera nánast dauður lagabókstafur einn og þannig engin dæmi þess að slíkir aðilar hafi sætt refsingu í formi sekta eða refsivistar einvörðungu vegna vanskila á þeim gögnum sem 92. gr. varðar. Með vísan til framangreinds leggur ríkisskattstjóri til að embættinu verði heimilað að knýja fram skil upplýsinga með beitingu dagsekta. Tillaga um slíkt hefur áður komið fram en náði ekki fram að ganga.


Ríkisskattstjóri telur auk heldur skorta nauðsynleg og skilvirk úrræði í samræmi við kröfur

OECD um skil á upplýsingum þegar þær aðstæður eru uppi að upplýsingaskyldir aðilar annað hvort neita að gefa upplýsingar eða hirða ekki um slíkt á grundvelli 92. gr. tilvitnaðra laga.

Ríkisskattstjóri er að sjálfsgöðu reiðubúinn til að veita efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis allt það liðsinni sem óskað er eftir ef gera á breytingar á fyrirliggjandi frumvarpi eða þeim breytingatillögum sem nú hafa verið lagðar fram.

Virðingarfyllt
f.h. ríkisskattstjóra


Guðrún Jenný Jónsdóttir


Ástríður Þórey Jónsdóttir